

Ársskýrsla Kvenréttindafélags Íslands 2020

Efnisyfirlit

Yfirlit yfir starfsárið.....	1
Starfsfólk Kvenréttindafélags Íslands	3
Nefndir og ráð	3
Menningar- og minningarsjóður kvenna.....	4
Viðburðir.....	4
Útgáfa, skýrslur, greinar og yfirlýsingar.....	9
Samstarf við stjórnvöld og erlendar eftirlitsstofnanir.....	12
Samstarf við mannréttindasamtök og femínísku hreyfinguna á innlendum vettvangi.....	15
Samstarf við femínískar hreyfingar erlendis	16
Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi	19
Stafræn jafnréttisbarátta	19
Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands	20

Yfirlit yfir starfsárið

Hallveigarstaðir, Reykjavík, 30. apríl 2021

Kvenréttindafélag Íslands hélt áfram að dafna á árinu 2020, þrátt fyrir erfitt starfsumhverfi vegna heimsfaraldurs COVID-19. Skrifstofu félagsins var lokað í mars á árinu og starfaði framkvæmdastýra nær eingöngu í fjarvinnu út árið. Stjórnarfundir félagsins voru í kjölfarið eingöngu haldnir sem fjarfundir, sem og aðrir viðburðir sem félagið stóð að eða tók þátt í. Félagið stóð því að færri viðburðum í ár heldur en oft áður, en var þeim mun duglegra að senda frá sér ályktanir, greinar og umsagnir. Ljóst er að sú reynsla sem starfsfólk og stjórn félagsins hefur aflað sér í að halda rafræna fundi mun vera ómetanleg í framtíðinni, en fjarfundarformið felur í sér mikla möguleika til að halda viðburði sem eru aðgengilegir sem flestum.

Erlent samstarf Kvenréttindafélagsins blómstraði einnig á árinu, þrátt fyrir að ferðalög milli landa lögðust algjörlega af. Félagasamtök út um allan heim voru dugleg að funda á netinu og óhætt er að segja að samráð okkar við femínísku hreyfinguna erlendis hafi aldrei verið eins þétt.

Kvenréttindafélagið var á árinu sterkur málsvari jafnréttis í víðum skilningi. Sterk undiralda er innan femínísku hreyfingarinnar í Evrópu að útiloka trans fólk, og talaði Kvenréttindafélagið gegn þeim tilburðum við hvert tækifæri og hafði frumkvæði að aðgerðum til að styrkja stöðu trans fólks innan femínísku hreyfingarinnar á alþjóðavísu. Ljóst er að klofningur er innan femínísku hreyfingarinnar erlendis um trans réttindi og mun Kvenréttindafélag Íslands áfram vera virkur málsvari allra kynja í jafnréttisstarfi sínu.

Í innlendu starfi Kvenréttindafélagsins á árinu bar hæst Kynjaþing sem haldið var á rafrænum vettvangi dagana 9.–13. nóvember undir myllumerkinu #kynjaþingheima. Þetta er í þriðja skipti sem Kynjaþing er haldið og ljóst er að þingið hefur þegar unnið sér sess í íslenskri jafnréttisbaráttu. Í ár stóðu 20 samtök og hópar fyrir 13 viðburðum sem tengjast kynjajafnrétti. Mikið áhorf var á viðburðum Kynjaþings og ljóst er að með því að halda þingið á rafrænum vettvangi var aðgengi að viðburðum mun betra en þegar þingið er haldið á einum stað. Allir viðburðir Kynjaþings eru líka aðgengilegir á Youtube rás Kvenréttindafélagsins og hefur áhorf á þá verið verulegt. Hyggst félagið í framtíðinni skipuleggja Kynjaþing svo að hluti þingsins verði ávallt í boði á rafrænum vettvangi. Kynjaþing er orðið mikilvægur hluti af starfi Kvenréttindafélags Íslands, tækifæri fyrir félagið til að stuðla að samstarfi milli ólíkra aðila sem starfa að kynjajafnréttismálum og vettvangur sem tryggir það að félagið sé ávallt upplýst um nýjustu hugmyndir innan femínísku hreyfingarinnar.

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands var haldinn 25. maí 2020. Fundurinn var haldinn í Veröld, húsi Vigdísar, og gátu þátttakendur einnig tekið þátt í gegnum fjarfundarkerfið Zoom. Á fundinum var kosið til stjórnar, auk þess sem aðalfundur samþykkti að skerpa orðalag stefnuskrár félagsins og að ganga úr Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Aðalfundur skoraði á stjórn Kvenréttindafélags Íslands að beita sér fyrir virkri umræðu um kynjajafnrétti á tímum Covid-19.

Kvenréttindafélag Íslands er einn stofnaðili Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur sem stofnuð var 20. apríl 1928 til að koma ekkjum og föðurlausum börnum til hjálpar. Stjórn Kvenréttindafélags Íslands er stolt af aðkomu félagsins að starfi Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur í gegnum tíðina, en telur þó starfsemi nefndarinnar ekki falla að áherslum í starfi félagsins í dag. Hjartað í starfi Kvenréttindafélags Íslands er réttindabarátta, ekki þjónusta. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur sem og fjölmörg önnur samtök hafa verið stofnuð síðustu áratugina til að sinna þjónustu í þágu kvenna og vinna þau frábært starf. Óskar Kvenréttindafélag Íslands Mæðrastyrksnefnd velfarnaðar í starfi og mun styðja við baráttu þeirra með öflugri baráttu fyrir réttindum kvenna, þá sérstaklega rétti til lífs án fátæktar.

Ellen Calmon, Helga Dögg Björgvinsdóttir og Hildur Helga Gísladóttir voru endurkjörnar í stjórn sem aðalmenn. Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir, Eva Huld Ívarsdóttir og Stefanía Sigurðardóttir sitja áfram í stjórn félagsins. Hugrún R. Hjaltadóttir og Margrét Steinarsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga. Þrjár nýjar stjórnarkonur voru kosnar á fundinum. Dóra Magnúsdóttir, Rut Einarsdóttir og Sólveig Jónasdóttir tóku sæti í varastjórn Kvenréttindafélagsins. Helga Baldvins Bjargardóttir, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir viku úr stjórn, og hljóta þær kærar þakkir fyrir góð störf í þágu félagsins.

Steinunn Stefánsdóttir var kvödd á fundinum með gjöf frá stjórn félagsins, en hún hefur setið í stjórn Kvenréttindafélags Íslands síðan 2013 þegar hún tók við embætti formanns. Steinunn gegndi embætti formanns Kvenréttindafélagsins á árunum 2013–2015, varaformanns árin 2015–2017 og sat svo í stjórn árin 2017–2020. Á sinni stjórnartíð hóf Steinunn það mikilvæga starf að skerpa á stefnu og starfi félagsins, til að efla þennan femíníska félagsskap til áframhaldandi baráttu á nýrri öld.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra afhenti Steinunni fyrir hönd stjórnar leirvasa eftir Höllu Ásgeirsdóttur að gjöf.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipti stjórn með sér störfum og gegnir Helga Dögg Björgvinsdóttir áfram stöðu varaformanns Kvenréttindafélags Íslands, Ellen Calmon gegnir áfram stöðu ritara og Hildur Helga Gísladóttir áfram stöðu gjaldkera. Stjórn setti sér á árinu starfsreglur, sem gerðar eru opinberar á vefsíðu félagsins.

Trans Ísland sótti á árinu um aðild að Kvenréttindafélagi Íslands. Umsókn félagsins var tekin til afgreiðslu á stjórnarfundum Kvenréttindafélagsins 18. nóvember og var samþykkt einróma. Trans Ísland bætist í hóp annarra aðildarfélaganna Kvenréttindafélags Íslands: Druslubækur og doðrantar, Femínísk fjármál, Fjöruverðlaunin, Rótin, Samtök um Kvennaathvarf og Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi (W.O.M.E.N. in Iceland).

Kvenréttindafélag Íslands og forsætisráðuneytið endurnýjuðu á árinu samstarfssamning þess efnis að félagið sinni fræðslu og upplýsingagjöf um jafnrétti kynjanna á innlendum og erlendum vettvangi. Gildistími samningsins var 15. febrúar 2020 til 15. febrúar 2021. Ljóst er að stuðningur stjórnvalda er nauðsynlegur til að tryggja öflugt starf Kvenréttindafélags Íslands en félaginu hefur ekki tekist að fjármagna starf starfsmanns í fullu starfshlutfalli með félagsgjöldum og tilfallandi styrkjum.

Kvenréttindafélag Íslands býr svo vel að reka Kvennaheimilið Hallveigarstaði í samstarfi við Bandalag kvenna í Reykjavík og Kvenfélagasamband Íslands. Ekki er fullt aðgengi að samkomusal Hallveigarstaða en stólalyfta sem tekur 225 kíló liggur niður í salinn. Kvenréttindafélag Íslands hefur ekki staðið fyrir viðburðum eitt og sér í sal Hallveigarstaða í einhver ár, þar sem skert aðgengi er að salnum. Tala fulltrúar félagsins markvisst fyrir því að fullt aðgengi að Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum sé tryggt, m.a. með því að setja upp lyftu.

Starfsfólk Kvenréttindafélags Íslands

Hjá Kvenréttindafélag Íslands er einn starfsmaður í 100% starfi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastýru félagsins síðan í nóvember 2011.

Belma Hajder, meistaranemi í mannfræði við háskólann í Árósum, starfaði hjá félaginu sem starfsnemi frá júlí til október á árinu, og vann þar að rannsókn um hvernig konur í ólíkum störfum skilja og upplifa kynjajafnrétti á íslenskum vinnumarkaði. Dvöl hennar á Íslandi var styrkt af Erasmus.

Nefndir og ráð

Kvenréttindafélag Íslands á fulltrúa í ýmsum nefndum og ráðum. Árið 2020 sat Tatjana Latinovic í stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða. Stjórnin öll er fulltrúi félagsins í International Alliance of Women (IAW) og Feministiskt Nätverk Norden. Hildur Helga Gísladóttir var fulltrúi félagsins í Almannaheill – Regnhlífarsamtökum frjálsra félagasamtaka og séreignarstofnana í almannabágu. Tatjana Latinovic og Helga Dögg Björgvinsdóttir voru fulltrúar stjórnar Kvenréttindafélagsins í stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna. Helga Baldvins Bjargadóttir var fulltrúi félagsins í Mannréttindaskrifstofu Íslands og tók hún sæti í framkvæmdastjórn skrifstofunnar á árinu, og er varamaður hennar Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Ellen Calmon er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í stjórn European Women's Lobby og varamaður hennar er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir. Kvenréttindafélagið deilir tveimur sætum í jafnréttisráði með Kvenfélagasambandi Íslands og

Femínistafélagi Íslands. Árið 2020 sótti Tatjana Latinovic fundina fyrir hönd félagsins en varamaður allra félagana þriggja er Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir.

Menningar- og minningarsjóður kvenna

Stjórn Menningar- og minningarsjóðs kvenna (MMK) var kosin á aðalfundi Kvenréttindafélagsins 25. maí 2020. Formaður Menningar- og minningarsjóðs kvenna er Kristín Ástgeirsdóttir. Aðrar í stjórn eru: Kristín Jónsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Sabine Leskopf og Tatjana Latinovic (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu). Varamenn eru Ásbjörg Una Björnsdóttir, Barbara Kristvinsson, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, Helga Dögg Björgvinsdóttir (tilnefnd af Kvenréttindafélaginu) og Hugrún R. Hjaltadóttir. Stjórn MMK þakkar Ellen Calmon vel unnin störf.

Stjórn MMK vann á árinu drög að nýjum og endurbættum samþykktum sjóðsins, en þeirri vinnu er þó enn ólokið

Árið 2020 lagði sjóðurinn megináherslu á námsstyrki og voru konur á öllum skólastigum hvattar til að sækja um í sjóðinn. Styrki hlutu Áslaug Inga Kristinsdóttir, Deisi Trindade Maricato, Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, Júlía Guðmundsdóttir, Martina Williams, Natalie Scholtz, Theodora Pavlopoulou og Þórunn Benný Birgisdóttir.

Viðburðir

Árið 2020 stóð Kvenréttindafélag Íslands að 11 viðburðum, bæði eitt og í samvinnu við önnur félög, og héldu fulltrúar félagsins erindi á 12 viðburðum sem skipulagðir voru af öðrum aðilum.

Kvenréttindafélag Íslands stendur aðeins að viðburðum sem haldnir eru í húsnæði aðgengilegt öllum.

ISLANDIA, á RVK Feminist Film Festival, 18. janúar 2020

Kvenréttindafélagið, RVK Feminist Film Festival UNWomen sýndu ISLANDIA, stuttmynd eftir Eyðisi Eir Brynju- og Björnsdóttur, sem segir frá reynslu hennar sem þolandi ofbeldis og leit hennar að réttlæti. Í lok sýningarinnar tók Eyðis Eir þátt í pallborðsumræðum ásamt Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttur framkvæmdastýru Kvenréttindafélags Íslands, Sólveigu Daðadóttur gjaldkera Femínistafélag Íslands og fræðslustjóra Q samtakanna, og Stellu Samúelsdóttur framkvæmdastjóra Landsnefndar UNWomen á Íslandi. Paula Gould stýrði umræðum.

Fundur með fyrrum formönnum og heiðursfélögum Kvenréttindafélagsins, 27. janúar 2020

Stjórn Kvenréttindafélagsins fundaði með fyrrum formönnum Kvenréttindafélags Íslands, heiðursfélögum og núverandi og fyrrverandi formönnum Menningar- og minningarsjóðs kvenna 27. janúar 2020, á 113. ára afmæli félagsins. Tilfni fundarins var að ræða þá fjölmörgu áfanga sem minnst er í jafnréttisbaráttunni á árinu og ræða framtíðaráskoranir í kynjajafnrétti og hvernig Kvenréttindafélagið getur tekist á við þær.

Hver er staðan? Aðild og þátttaka kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. 24. febrúar 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélagsins stýrði pallborðsumræðum með Tatjönu Latinovic formaður Kvenréttindafélagsins, Angelique Kelley frá W.O.M.E.N. in Iceland - samtökum kvenna af erlendum uppruna, Claudie Ashonie Wilson lögmaður og Donötu Honkowicz Bukowska fulltrúa Dziewuchy Islandia - pólskra femínista á Íslandi sem haldnar voru á fundi til að kynna skýrslu Unnar Dísar Skaptadóttur og Kristínar Loftsdóttur "*Konur af erlendum uppruna - hvar kreppir að*" sem skrifuð var í kjölfar frásagna #MeToo kvenna af erlendum uppruna.

Er jafnrétti náð ef það er ekki fyrir alla(r)?, 26. febrúar 2020

Tatjana Latinovic, formaður Kvenréttindafélags Íslands, ávarpaði baráttufund Eflingar í lðnó 26. febrúar 2020.

Baráttan heldur áfram – kjarajafnrétti og ný jafnréttislög, 5. mars 2020

Í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars buðu Kvenréttindafélagið, ASÍ, BHM, BSRB, Jafnréttisráð, Jafnréttisstofa og Kennarasamband Íslands til hádegisverðarfundar. Yfirskrift fundarins er Baráttan heldur áfram! Kjarajafnrétti og ný jafnréttislög.

Hennar rödd, pallborðsumræður með konum af erlendum uppruna, 5. mars 2020

Kvenréttindafélag Íslands var bakhjarl og stuðningsaðili að pallborðsumræðum kvenna af erlendum uppruna sem haldinn var af hópnum *Hennar rödd*, í lðnó 5. mars 2020.

Women's Rights – COVID – Future. 9. maí 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir tók þátt í pallborðsumræðum á tímum COVID-19 á rafræna samevrópska þinginu Citizens Take Over Europe og ræddi um kvenréttindi, kvenfrelsi og lýðræði á tímum COVID-19. Með henni sátu í pallborði Montse Pineda frá Creación Positiva og National Council of Women of Catalonia (Spánn), Neus Pociello frá Aroa Foundation, Feminist Europe Platform og National Council of Women of Spain (Spánn), Almudena Rodríguez frá L'Associació de Drets Sexuals i Reproductius (Spánn), Gosia Wochowska, Aleksandra Knapik og Iwona Majak frá Lodzkie Dziewuchy Dziewuchom (Pólland), Eleonora Mizzoni frá Obiezione Respinta and Non Una Di Meno (Ítalía) og Cecilia Francisco Carcelén frá Young Feminist Europe (samevrópsk samtök)

Mótmæli fyrir framan sendiráð Póllands gegn banni á þungunarrofi þar í landi, 14. apríl 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands flutti ávarp á mótmælafundi pólskra kvenna 14. apríl 2020 og ræddi um kvenréttindi, kvenfrelsi og lýðræði á tímum COVID-19.

Söguganga á kvenréttindadegi, 19. júní 2020

Kvenréttindafélag Íslands bauð í sögugöngu á kvenréttindadegi 19. júní. Tinna Eik Rakelardóttir, stofnandi Reykjavík Feminist Walking Tour, leiddi gesti í fótspor kvenna í miðborg Reykjavíkur og sagði byltingarsögu borgarinnar.

Skál fyrir konum! 19. júní 2020

Kvenréttindafélagið og Lady Brewery buðu í happy hour partý á Skúli Craft Bar 19. júní, þar sem því var fagnað að konur á Íslandi fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis árið 1915.

Kvennamessa, 19. júní 2020

Ellen Calmon ritari Kvenréttindafélags Íslands flutti kveðju frá félaginu á kvennamessu Kvennakirkjunnar, á Kjarvalsstöðum 19. júní.

#Transfemínismi á #hinseginheima, 7. september 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir spjallaði við Uglu Stefaníu Kristjönu- og Jónsdóttur formann Trans Íslands um trans málefni og íslenskan femínisma, á Hinsegin dögum 2020. Varpað á Instagram Live.

Mótmæli fyrir framan sendiráð Póllands gegn banni á þungunarrofi þar í landi, 23. október 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands flutti ávarp á mótmælafundi pólskra kvenna 14. apríl 2020 og ræddi um þungunarrof kvenréttindi, kvenfrelsi og lýðræði..

Kynjaþing, 9.– 13. nóvember 2020

Þetta er í þriðja skipti sem Kynjaþing er haldið, og að þessu sinni var það haldið eingöngu á rafrænum vettvangi 9.–13. nóvember undir myllumerkinu #kynjaþingheima.

13 viðburðir voru haldnir á Kynjaþingi í ár og tóku eftirfarandi samtök þátt í dagskránni, annaðhvort sem aðstandendur viðburða eða sem þátttakendur: ASÍ – Alþýðusamband Íslands, BHM – Bandalag háskólamanna, BSRB, Efling, Femínísk fjármál, FKA – Félag kvenna í atvinnulífinu, Kvennaathvarfið,

Kítón – Konur í tónlist, Kvannahreyfing ÖBÍ, Kvennasögusafnið, Kvenréttindafélagið, Samtök um líkamsvirðingu, Samtökin '78, Stelpur rokka!, Sögufélag Íslands, Tabú, Trans Ísland, UN Women á Íslandi, WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi, og W.O.M.E.N. in Iceland.

Mikil þátttaka var á Kynjaþingi, bæði á meðan fundum stóð og einnig í áhorfi á upptökum eftir þingið. Aðstandendur fundana ákváðu á hvaða rafræna vettvangi fundirnir voru haldnir, sumum var varpað beint á YouTube Live, sumir á Zoom, sumir á Facebook Live og sumir bæði á Zoom og Facebook Live. Að meðaltali fylgdu 60 manns með hverjum fundi á meðan hann stóð yfir, en áhorf í kjölfar þingsins hefur verið mun meira. Facebook síðu Kynjaþings horfðu 3.525 manns á Facebook Live upptökur af þinginu fyrstu fjórar vikurnar eftir þingið. Upptökur af fundum sem hlaðnar hafa verið á YouTube rás Kvenréttindafélagsins hafa fengið 862 áhorf.

Viðburðirnir voru allir haldir rafrænt og eru upptökur af þeim að finna á vefsíðu þingsins, www.kynjaþing.is.

Kjaftað með kennurum: Hinsegin ungmenni og kynjafræðikennsla á tímum COVID-19, 9. nóvember

Kvenréttindafélagið og Samtökin '78 héldu samráðsfund með kynjafræðikennurum á Kynjaþingi. Tóttla I. Sæmundsdóttir fræðslustýra Samtakanna '78 spjallaði við Björg Elínar Sveinbjörnsdóttur, Hönnu Björg Vilhjálmisdóttur og Þórð Kristinsson kynjafræðikennara um stöðuna í skólunum. Varpað á Facebook Live.

Gender Equality Backlash in the Time of COVID-19. 10. nóvember 2020

Kvenréttindafélagið stóð að pallborðsumræðum á Reykjavík Global Forum. Helga Dögg Björgvinsdóttir varaformaður Kvenréttindafélagsins stýrði pallborðinu og þátt tóku Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir alþingismaður, Kathryn Gunnarsson stofnandi GEKO, Hrund Gunnsteinsdóttir framkvæmdastjóri Festu og Augusto Lopez-Claros framkvæmdastjóri og formaður Global Governance Forum.

Að skapa betri heim með stefnumótun sem byggist á manngæsku og samkennd, 11. nóvember 2020

Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands tók þátt í rafrænu pallborði á Women's Economic Forum í Kosta Ríka um hvernig við getum byggt upp betri samfélög með stefnumótun sem byggist á manngæsku og samkennd. Varpað á Youtube Live.

Transfeminism and the Women's Movement in Iceland, 12. nóvember 2020

Kvenréttindafélagið og Trans Íslands stóðu að spjalli um transfemínisma á Kynjaþingi. Hanna Katrín Friðriksson og Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir settust niður í spjall með Þorgerði Einarsdóttur

og ræddu um mikilvægi femínískrar samstöðu með hinsegin fólki og baráttumálum þeirra. Spjallið fór fram á ensku. Varpað á Facebook Live og Zoom.

Konur sem stjórna, samráðsfundur með konum í stjórnámálum, 12. nóvember 2020

Kvenréttindafélag Íslands stóð að fundi um stöðu kvenna í sveitarstjórnarmálum á Kynjaþingi. Ásgerður Gylfadóttir formaður bæjarráðs og fyrsti varaforseti bæjarstjórnar Hornafjarðar, Hildur Þórisdóttir bæjarfulltrúi í Múlaþingi og oddviti Austurlistans og Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir forseti bæjarstjórnar Fjallabyggðar ræddu málin. Auður Jónsdóttir stýrir umræðum. Varpað á Facebook Live og Zoom.

Allir vinna eða karlar vinna? 12. nóvember 2020

Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands tók þátt í pallborðsumræðum um efnahagsaðgerðir stjórnvalda í kjölfar COVID-19, á fundi Femínískra fjármála. Varpað á Zoom og Facebook Live.

Trans fólk og femínísk samstaða, 13. nóvember 2020

Kvenréttindafélag Íslands og Trans Ísland stóðu að fundi um trans fólk og femíníska samstöðu á Kynjaþingi. Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, formaður Trans Íslands, stýrði umræðum og ræddi við Ellen Calmon frá Kvenréttindafélaginu, Emblu Guðrúnar Ágústadóttur frá Tabú, Nichole Leigh Mosty frá Samtökum kvenna af erlendum uppruna, Jennýju Kristínu Valberg frá Kvennaathvarfinu, Töru Margrétu Vilhjálmadóttur frá Samtökum um Líkamsvirðingu og Þorbjörgu Þorvaldsdóttir frá Samtökunum '78. Varpað á Facebook Live.

Betra fæðingarorlof, 13. nóvember 2020

Dr. Ásdís Aðalbjörg Arnalds hélt fyrirlestur um fæðingarorlof á Íslandi. Í kjölfarið voru pallborðsumræður með Ásdísi, dr. Ingólfi V. Gíslasyni og dr. Sunnu Kristínu Símonardóttur. Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB stýrði umræðum. Varpað á Facebook Live og Zoom. Aðstandendur fundarins voru auk Kvenréttindafélagsins Femínísk fjármál, FKA – Félag kvenna í atvinnulífinu, ASÍ, BHM og BSRB.

FY2020 – NWECC Global Seminar, 3. desember 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt fyrirlestur á rafrænum ársfundi NWECC, National Women's Education Center í Japan. Erindið bar yfirskriftina: „Gender Equality and Women in the Time of Plague“

Women's Rights and Advocacy Initiatives, 8. desember 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir hélt fyrirlestur um íslenskar lausnir í jafnréttismálum á rafrænum fundi um kvenréttindi og jafnréttisbaráttuna, sem haldinn var af pólsku samtökunum Aktywni Obywatele Fundusz Krajowy. Á fundinum tóku þátt kvenréttindasamtök í Póllandi, í Liechtenstein og á Íslandi.

Útgáfa, skýrslur, greinar og yfirlýsingar

Kvenréttindafélag Íslands hefur á árinu 2020 gefið út eitt ársrit, sent frá sér átta ályktanir og yfirlýsingar á fjórum tungumálum (íslensku, ensku, pólsku og spænsku), og hafa fulltrúar félagsins skrifað sjö greinar sem birtust í fjölmiðlum.

Opið bréf til borgarráðs varðandi fyrirhugaða styttingu opnunartíma í leikskólum borgarinnar, 21. janúar 2020

Kvenréttindafélagið sendi opið bréf til borgarráðs til að mótmæla þeirri ákvörðun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar að mæla með styttingu opnunartíma leikskóla borgarinnar, að þeim verði lokað kl. 16.30 í stað kl. 17.00.

Yfirlýsing: Hvatning Kvenréttindafélagsins til kvenna í Mexíkó, 8. mars 2020

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér hvatningu til kvenna í Mexíkó sem lögðu niður vinnu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna til að mótmæla kynbundnu ofbeldi, ójafnrétti og karlrebumenningu.

Grein: Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar og verndun mannréttinda á tímum COVID19. 23. mars 2020

Ellen Calmon ritari Kvenréttindafélags Íslands, fulltrúi félagsins í Mannréttindaskrifstofu Íslands og formaður skrifstofunnar, skrifaði grein um efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldrar kórónuveiru og skort á sjálfstæðri mannréttindastofnun.

Grein: Vigdís Finnbogadóttir níræð / Vigdís Finnbogadóttir celebrates her 90th birthday. 15. apríl 2020

Kvenréttindafélag Íslands birti grein um Vigdís Finnbogadóttur í tilefni af níræðisafmæli hennar. Greinin birtist á vefsíðu félagsins, kvenrettindafelag.is, og var gefin út bæði á íslensku og ensku.

Ályktun: Metum störf kvenna að verðleikum, 1. maí 2020

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér ályktun 1. maí 2020 til að krefjast kjarajafnréttis og til að heiðra Rauðsokkur sem fyrir fimmtíu árum gengu niður Laugarveginn í kröfugöngu launafólks þann 1. maí 1970.

Ályktun: Aðalfundur Kvenréttindafélagsins krefst þess að Alþingi, sveitastjórnir og stjórn málaflokkar uppræti ofbeldi og áreitni í hvívetna, 25. maí 2020

Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands 2020 sendi frá sér ályktun og krafðist þess þess að Alþingi sem og sveitastjórnir grípi til tafarlausra aðgerða til að uppræta kynferðislegt ofbeldi og áreitni í hvívetna. Enn fremur krafðist aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands þess að stjórn málaflokka grípi til tafarlausra aðgerða til að uppræta kynferðislegt ofbeldi og áreitni innan stjórn málahreyfinga.

Ársrit: 19. júní – ársrit Kvenréttindafélags Íslands, 19. júní 2020

19. júní er með elstu tímaritum Íslands, en fyrsti árgangurinn kom út árið 1951. Þema blaðsins í ár er konur og loftslagsvá. Einnig birtast í blaðinu greinar um konur í Hæstarétti og dómskerfinu á Íslandi, myndmál kvennabaráttunnar á Íslandi, viðbrögð stjórnvalda við #MeToo, konur í íslenskri kvikmyndagerð, femínísku fjöldabaráttuna í Suður-Ameríku og umfjöllun um femínískt uppistand. Að vanda er birt umfjöllun um femínískar bækur sem hafa komið út á árinu og bréf frá Norðurlöndunum. Ritstýra blaðsins var Guðrún Lára Pétursdóttir og með henni í ritnefnd sátu Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir.

Ályktun: Aðför að kvenréttindum í Póllandi og Tyrklandi / IWRA potępia ataki na prawa kobiet w Polsce i Turcji / IWRA Condemns Attack on Women's Rights in Poland and Turkey. 12. ágúst 2020

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér ályktun um stöðu mála í Póllandi og Tyrklandi þar sem stjórnvöld vinna að því að rifta samningi Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, Ístanbúlsamningnum svokallaða. Var ályktunin einnig birt á pólsku og ensku.

Ályktun: Karlar afsakaðir og konur gerðar ábyrgar / Men Are Excused and Women Are Held Culpable. 9. september 2020

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér ályktun og fordæmdi umræðu og orðræðu í garð tveggja kvenna sem hittu menn úr enska knattspyrnulandsliðinu á hóteli í Reykjavík nýlega. Ályktunin var einnig birt á ensku.

Grein: #jafntfæðingarorlof. Mikil réttarbót! 30. september 2020

Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttur skrifuðu grein um jafnt fæðingarorlof sem birtist á Vísi.is.

Grein: Fæðingarorlof sonar míns. 5. október 2020

Stefanía Sigurðardóttir stjórnarkona Kvenréttindafélags Íslands skrifaði grein um jafnt fæðingarorlof sem birtist á Deiglu.is.

Ályktun: Ályktun um sjálfstæða mannréttindastofnun. 12. október 2020

Kvenréttindafélag Íslands er einn af stofnaðilum Mannréttindaskrifstofu Íslands og á fulltrúa bæði í stjórn skrifstofunnar og fulltrúaráði. Fulltrúaráð Mannréttindaskrifstofunnar fundaði 12. október 2020 og sendi frá sér ályktun um stofnun sjálfstæðrar mannréttindastofnunar.

Grein: Áfram stelpur. 24. október 2020

Tatjana Latinovic formaður Kvenréttindafélags Íslands skrifaði grein um kjarajafnrétti í tilefni af kvennafrídegi sem birtist á Vísi.is.

Ályktun: Konur lifa ekki á þakklætinu / We Want Equal Pay, Not Gratitude. 24. október 2020

Kvenréttindafélag Íslands sendi frá sér ályktun um kjarajafnrétti og kjör kvenna í framlínunni í baráttu við COVID-19 á kvennafrídegi 24. október. Einnig skrifuðu undir ályktunina Aflið, Bandalag háskólamanna, Bandalag kvenna í Reykjavík, BSRB, Delta Kappa Gamma – Félag kvenna í fræðslustörfum, Dziewuchy Islandia, Femínísk fjármál, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, IceFemIn, Kennarasamband Ísland, Knúz.is, Kvenfélagasamband Íslands, Kvannahreyfing ÖBÍ, Kvennaráðgjöfin, Samtök um kvennaathvarf, Samtökin '78, Stígamót, UNWomen á Íslandi, WIFT – Konur í kvikmyndum og sjónvarpi og W.O.M.E.N. in Iceland.

Grein: Jafnt fæðingarorlof er betra fæðingarorlof, 26. nóvember 2020

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands skrifaði grein um jafnt fæðingarorlof sem birtist á Vísi.is.

Grein: Brúum réttlætisgjána og upprætum kynbundið ofbeldi, 1. desember 2020

Eva Huld Ívarsdóttir stjórnarkona Kvenréttindafélags Íslands skrifaði grein um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, í tilefni af 16 daga átaki gegn ofbeldi gegn konum, sem birtist á Vísi.is.

Samstarf við stjórnvöld og erlendar eftirlitsstofnanir

Á árinu 2020 sátu fulltrúar Kvenréttindafélagsins í starfshópum stjórnvalda í tengslum við heildarendurskoðun laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Stefanía Sigurðardóttir og Hildur Helga Gísladóttir voru fulltrúar félagsins í starfshóp I um launajafnrétti og vinnumarkað; Eva Huld Ívarsdóttir og Bergljót Tul. Gunnlaugsdóttir voru fulltrúar félagsins í starfshóp II um kæruleiðir og viðurlög; Tatjana Latinovic og Kristín Ástgeirsdóttir voru fulltrúar félagsins í starfshóp III um stjórnslu jafnréttismála o.fl.; og Helga Dögg Björgvinsdóttir og Ellen Jacqueline Calmon voru fulltrúar félagsins í starfshóp IV um bann við mismunun á grundvelli kyns.

4. febrúar 2020 fundaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með Marcin Walecki og Jaocopo fulltrúum frá ODIHR, Mannréttindaskrifstofu ÖSE 4. febrúar 2020 og ræddi við þá um stöðu kvenna í stjórnárum í dag á Íslandi, um siðareglur á Alþingi og #MeToo hreyfinguna á Íslandi. Einnig voru ræddir möguleikar þess að Kvenréttindafélagið skipuleggði í samvinnu við ODIHR ráðstefnu fyrir kvenleiðtoga frá Mið- og Austur-Evrópu á Íslandi haustið 2020.

4. júní funduðu Tatjana Latinovic og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með Alexey Gromov og Kakha Inaishvili frá Mannréttindastofnun ÖSE (ODIHR) til að ræða um kvenréttindi, stöðu kvenna í stjórnárum og framkvæmd forsetakosninga á Íslandi 2020.

19. júní sendu Kvenréttindafélag Íslands og Hagsmunasamtök evrópskra kvenna – European Women's Lobby bréf til Katrínar Jakobsdóttur forsætis- og jafnréttismálaráðherra og hvöttu hana til að tryggja þátttöku Íslands í samevrópskri rannsókn á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum í EEA ríkjum.

10. september fundaði Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir með Feneyjarnefndinni sem vinnur að álitum á breytingartillögum á stjórnarskrá Íslands og leitaði eftir umsögn Kvenréttindafélagsins um þær breytingar.

16. september las Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir yfir drög að bæklingi Jafnréttisstofu *Iðkum lýðræði, gátlisti gegn mismunun við skipulagningu viðburða* og sendi inn athugasemdir.

16. nóvember sat Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir kynningarfund stjórnvalda um Kynslóð jafnréttis, um starf stjórnvalda í aðgerðabandalagi að markmiðum og aðgerðum sem miða að því að uppræta kynbundið og kynferðislegt ofbeldi. Hagsmunasamtök evrópskra kvenna – European Women's Lobby, á einnig fulltrúa í aðgerðarbandaginu ásamt íslenskum stjórnvöldum.

Kvenréttindafélagið sendi árið 2020 frá sér 27 umsagnir um frumvörp og opinber skjöl:

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum um tryggingagjald og lögum um ársreikninga (lækkun tryggingagjalds), þingskjal 40, 40. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, þingskjal 99, 99. mál, 150 löggjafarþing.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænan vinnustað, þingskjal 379, 334. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025. Mál nr. 25/2020, forsætisráðuneytið.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (alþjóðleg vernd, brottvísunartilskipunin, dvalar- og atvinnuleyfi), þingskjal 1228, 717. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021–2025, þingskjal 1094, 643. mál, 150. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um stjórnáslu jafnréttismála, mál nr. 127/2020, forsætisráðuneytið.
- Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, mál nr. 126/2020, forsætisráðuneytið.
- Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Mál nr. 195/2020, félagsmálaráðuneytið.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns), þingskjal 11, 11. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum (kynjahlutföll). 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 81, 81. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 14, 14. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um stjórnáslu jafnréttismála. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 15, 15. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (ódæmigerð kyneinkenni). 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 22, 22. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kynrænt sjálfræði, nr. 80/2019 (breytt aldursviðmið). 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 20, 20. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (umsáturseinelti). 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 133, 132. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 86, 85. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélag (viðurlög vegna hlutfalls kynja í stjórn). Þingskjal 56, 56. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 (kynrænt sjálfræði). Þingskjal 205, 204. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, þingskjal 26, 26. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgengi einstaklinga sem ferðast til Íslands að þungunarrofi. Þingskjal 257, 239. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um almenn hegningarlög (kynferðisbrot), þingskjal 261, 241. mál, 151. löggjafarþing.

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa). Þingskjal 144, 143. mál. 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), þingskjal 104, 103. mál. 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (kynferðisleg friðhelgi). Þingskjal 296, 267. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þingskjal 375, 323. mál, 151. löggjafarþing.
- Umsögn um frumvarp til kosningalaga. Þingskjal 401, 339. mál, 151. löggjafarþing.

Fulltrúar Kvenréttindafélagsins mættu sjö sinnum á árinu fyrir þingnefndir til að fylgja eftir umsögnum sínum á lagafrumvörpum.

- 12. maí mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða tillögu til þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir árin 2021-2025 (643. mál).
- 15. maí mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis til að ræða tillögu til þingsályktunar um Alþingi sem fjölskylduvænn vinnustaður (334. mál).
- 10. nóvember mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund atvinnuveganefndar til að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um samvinnufélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um hlutafélög og lögum um sameignarfélag (56. mál).
- 15. nóvember mættu Tatjana Latinovic, Helga Dögg Björgvinsdóttir og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (14. mál) og frumvarp til laga um stjórnýslu jafnréttismála (15. mál).
- 24. nóvember mættu Tatjana Latinovic og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða frumvarp um þingsköp Alþingis, kynjahlutföll.
- 30. nóvember mætti Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund allsherjar- og menntamálanefndar til að ræða frumvarp um breytingu á almennum hegningarlögum, umsáturseinelti (132. mál).
- 4. desember mættu Tatjana Latinovic og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir á fund velferðarnefndar til að ræða frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (323. mál).

Kvenréttindafélagið deildi á árinu tveimur sætum í Jafnréttisráði með Kvenfélagasambandi Íslands og Femínistafélags Íslands og var Tatjana Latinovic fulltrúi Kvenréttindafélagsins í ráðinu og Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir varamaður hennar. Jafnréttisráð var lagt niður með lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 sem lögfest voru á Alþingi þann 29. desember 2020 og tóku gildi 6. janúar 2021.

Samstarf við mannréttindasamtök og femínísku hreyfinguna á innlendum vettvangi

Kvenréttindafélagið hefur unnið vel með innlendum mannréttindasamtökum á árinu 2020

Hápunktur tímabilsins var án efa Kynjaping 2020 sem félagið stóð fyrir 9. til 13. nóvember 2020, þar sem 20 tóku þátt í og/eða stóðu að rafrænum viðburðum. Einnig stóð félagið fyrir sérstökum fundum sem haldnir voru í samstarfi við önnur samtök kvenna og mannréttindamála. Öll fundarhöld voru þó mörkuð á tímabilinu af sérkennilegu ástandi í samfélaginu af völdum heimsfaraldurs COVID-19, þar sem fundir voru haldnir samkvæmt gildandi takmörkunum Landlæknis á samkomum eða haldnir á rafrænum vettvangi.

Ellen Calmon sat í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir hönd Kvenréttindafélagsins og var kjörin formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofunnar á aðalfundi skrifstofunnar 2018. Hún gaf ekki kost á sér til endurkjörs og lét því af embætti formanns þann 18. maí. Helga Baldvins Bjargadóttir tók sæti í framkvæmdastjórn Mannréttindaskrifstofunnar fyrir hönd Kvenréttindafélagsins. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir átti á tímabilinu sæti í lagabreytingarnefnd Mannréttindaskrifstofunnar og tók þátt í að semja nýjar félagssamþykktir skrifstofunnar sem samþykktar voru á aðalfundi 18. maí.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundaði þétt á tímabilinu með fulltrúum frá Samtökunum '78 og Trans Ísland til að halda þeim upplýstum um stöðu mála innan European Women's Lobby, en þar á sér erfið umræða um stefnu samtakanna um kynvitund.

Kvenréttindafélagið var bakhjarl fjögurra heimspekinga við Háskóla Íslands í verkefni „Heimspekilegar áskoranir á farsóttartímum“ og fóru fulltrúar félagsins í viðtal við framkvæmdaraðila viðtal um það sem fellur undir kynjavinkilinn á það sem tengist faraldrinum og aðgerðum út af honum og voru skýrsluhöfundum innan handar við upplýsingaöflun.

Kvenréttindafélagið átti í góðum og stöðugum samskiptum við samtök á Íslandi sem vinna að kynjajafnrétti. Framkvæmdastýra fundaði á tímabilinu með fulltrúa Rauðsokka um hvernig hægt væri að heiðra fimmtíu ára afmæli Rauðsokka. Tók Kvenréttindafélagið að sér að skipuleggja hvers lags afmælishátíð og virkja femínísku hreyfinguna á Íslandi í þeim efnum. Því miður setti COVID-19 strik í reikninginn og ekki reyndist unnt að boða til fundar. Einnig fundaði félagið með öðrum almannaheillasamtökum, þ.á.m. með félaginu Farsælli öldrun til að ræða snertifleti öldrunar og femínisma.

Kvenréttindafélagið hefur mikinn hug á að efla rödd pólskra kvenna á íslenskum vettvangi og fundaði á tímabilinu með Justynu Grosel hjá Dziejuchy Islandia. Fulltrúar félagsins aðstoðuðu við kynningu og skipulagningu á mótmælafundum fyrir framan pólska sendiráðið tvisvar á árinu, og hélt framkvæmdastýra hvatningarerindi á báðum fundum. Stefnir félagið á að stórefla samstarf sitt við pólska femínista á Íslandi á komandi misserum.

Kvenréttindafélagið átti í góðu samstarfi við fulltrúa innan félög launafólks og átti í virkum samskiptum, þá sérstaklega við skipulagningu baráttufundar 5. mars og skipulagningu herferðarinnar „Konur lifa ekki á þakklaetinu“ á kvennafrídegi 24. október og við gerð vefsíðunnar betrafæðingarorlof.is.

Samstarf við femínískar hreyfingar erlendis

Kvenréttindafélagið átti í góðu samstarfi við erlend félagasamtök um jafnréttismál á árinu 2020.

International Alliance of Women

Kvenréttindafélagið hefur átt aðild að International Alliance of Women (IAW), Alþjóðasambandi kvenréttindafélaga, síðan 1907. Fulltrúar Kvenréttindafélagsins áttu ekki kost á að funda með IAW á tímabilinu. Ljóst er að aðkoma félagsins að þessum alþjóðlegum samtökum verður lítil í fyrirsjáanlegri framtíð þar sem ekki hefur tekist að fjármagna þátttöku okkar í þessu samstarfi.

European Women's Lobby

Kvenréttindafélaginu er aðili að European Women's Lobby (EWL), hagsmunasamtökum evrópskra kvenna. EWL eru stærstu regnhlífarsamtök kvennahreyfingarinnar í Evrópu. Kvennasamtök í 30 löndum eiga aðild að samtökunum, sem og 19 samtök sem starfa á evrópskum vettvangi. Kvenréttindafélagið er eina íslenska aðildarfélag í þessum samtökum, skipar fulltrúa í stjórn samtakanna og þjónar sem tengiliður femínísku hreyfingarinnar á Íslandi við samtökin.

Ellen Calmon er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í stjórn EWL og sótti hún stjórnarfundum 14.–16. febrúar í Brussel og 7. september á rafrænum vettvangi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir er varamaður Ellenar og sótti þær báðar aðalfund samtakanna 8. september. Þá hefur Ellen einnig sótt fleiri fundum stjórnar EWL á rafrænum vettvangi sem sérstaklega var boðað til í ljósi breyttra aðstæðna kvenna víða í Evrópu. Umfjöllunarefni fundana hafa verið í tengslum við það ástand sem faraldurinn hefur haft í för með sér svo sem aukið atvinnuleysi kvenna, aukið ofbeldi gagnvart konum og þá staðreynd að konur missi réttindi eða verði af réttindum í víðum skilningi vegna ástandsins.

Kvenréttindafélag Íslands er nýtt aðildarfélag í EWL, gekk í samtökin árið 2019. Á árinu uppgötvuðu fulltrúar félagsins að innan samtakanna væri þung undiraldað aðgerðarsinna sem eru andsnúnir því að trans konur séu taldar konur og vilja að EWL setji sér stefnu þess efnis. Á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 8. september síðastliðinn á rafrænum vettvangi var ýtt í gegn ályktun þess efnis, þrátt fyrir andmæli ýmissa aðildarfélaga, þar á meðal Kvenréttindafélags Íslands. Kvenréttindafélagið sendi, ásamt Nytkis í Finnlandi og European Disability Forum, breytingartillögu á umræddri ályktun sem var hafnað af framsögumönnum ályktunarinnar og því ekki tekin til afgreiðslu á aðalfundi.

Í kjölfar aðalfundar EWL hafa fulltrúar Kvenréttindafélagsins fundað þétt með evrópskum samtökum sem eru fylgjandi trans réttindum, þá sérstaklega European Disability Forum og National Council of Women in Ireland. Hefur Kvenréttindafélaginu tekist að koma á laggirnar skipulagðri samstöðu til að berjast gegn útilokun trans fólks úr kvennahreyfingunni. Ljóst er að mikil vinna er framundan við að bjarga EWL frá þessari árás anti-trans aðgerðarsinna.

Kvenréttindafélagið hefur leitað sér aðstoðar og ráðgjafar í þessu máli hjá ýmsum aðilum sem hafa reynslu af evrópsku samstarfi, og hefur sérstaklega lagt áherslu að halda Samtökunum '78 og Trans Ísland upplýstum um stöðu mála.

EWL er einn af leiðtogum aðgerðarbandalags Sameinuðu þjóðanna um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sem stofnað var sem hluti af átakinu Generation Equality, en þar eru íslensk stjórnvöld einnig

í leiðtogastöðu. Kvenréttindafélag Íslands hefur mikinn hug að efla starf EWL og íslenskra stjórnvalda í þessu samstarfi, og átti á árinu samráðsfund með fulltrúum EWL í aðgerðarbandalaginu til að ræða um aðkomu.

Á vegum EWL starfa ýmsir starfshópar. Hildur Fjóra Antonsdóttir er fulltrúi Kvenréttindafélagsins í starfshópi um ofbeldi, EWL Observatory to End Violence Against Women. Í kjölfar aðalfundar EWL tilnefndi Kvenréttindafélagið framkvæmdastýru þess Brynhildi Heiðar- og Ómarsdóttir í starfshóp EWL (Taskforce on SRHR and Sexual Exploitation) sem hefur það að verkefni að kortleggja ferli fyrir EWL um það hvernig skal setja stefnu samtakanna í málum er varðar kynvitund. Brynhildur fundaði tvisvar sinnum með starfshópnum en í kjölfar mótmæla yfir skipun Brynhildar í hópinn var starfi hópsins frestað. Kvenréttindafélag Íslands stefnir á að skipa Brynhildi aftur í þennan starfshóp á vormisseri 2021.

Norrænt samstarf

Kvenréttindafélagið hefur átt í rafrænu samstarfi við norræn kvennasamtök á tímabilinu. Kvenréttindafélagið skipulagði samráðsfund norrænu kvannahreyfingarinnar á CSW, fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna í New York þann í mars 2020, en þar sem CSW var aflýst vegna COVID-19 varð ekkert úr þeim fundi. Þetta er synd því að sárlega vantar aukið samráð á norrænum vettvangi svo að við séum upplýstar um stefnur, strauma og lagasetningar í hverju landi.

Kvenréttindafélagið hélt óformlegan vinnufund norrænna fulltrúa á stjórnarfundum European Women's Lobby þann 15. febrúar, og fundaði þar með Nytkis í Finnlandi, Kvinderådet í Danmörku og Sveriges Kvinnolobby í Svíþjóð. Þar var rætt nánara samstarf á norrænum vettvangi milli kvannahreyfinga í framtíðinni, sem þó er háð fjármögnun.

Kvenréttindafélagið hélt áfram á tímabilinu samstarfi við Kvinderådet í Danmörku, Damudomi í Færeyjum og 8. mars gruppen í Grænlandi og sótti um styrk til jafnréttissjóðs Norrænu ráðherranefndarinnar um að stofna vest-norrænt tengslanet femínista og vefsíðu um kvenréttindi og jafnrétti kynjanna á vest-norræna málsvæðinu. Þetta er í þriðja skipti sem sótt er um styrk til verkefnisins og í þriðja skipti sem þeim styrk er neitað. Þessi ákvörðun var mikil vonbrigði fyrir alla samstarfsaðila, en mikill skortur er á samráði femínískra hreyfinga á vest-norræna málsvæðinu og er brýn þörf á stuðningi til femínísku hreyfingarinnar á Grænlandi sérstaklega.

Kvenréttindafélagið sótti einnig um styrk til Jafnréttissjóðs norrænu ráðherranefndarinnar til verkefnis um rasisma í femínísku hreyfingunni, með Ekvalita í Finnlandi og samtökum í Svíþjóð og Álandseyjum, en fékk ekki.

Kvenréttindafélagið hefur á tímabilinu sóst eftir að auka samstarf sitt við baltnesku ríkin. Á tímabilinu tók félagið þátt á tímabilinu í styrkumsókn til NordPlus til að halda samráðsfund femínískra samtaka á Norðurlöndunum og baltnesku ríkjum. Meðumsækjendur voru Kvinnaráðgjöfin á Íslandi, Kvinderådet í Danmörku, Nytkis í Finnland, Sveriges Kvinnolobby, The Estonian Women's Association Roundtable í Eistlandi, Women's NGOs Cooperation Network of Latvia í Latvíu og Lithuanian Women's Lobby Organisation í Litháen. Einnig tók Kvenréttindafélagið þátt í umsókn til Norrænu ráðherranefndarinnar um verkefni um jafnrétti á vnumarkaði ásamt E-QUALITY í Danmörku, St. Petersburg Social and Economic Institute í Rússlandi, Nytkis í Finnlandi og Women's Issues Information Centre í Litháen. Einnig var hafið samstarf með Estonian Institute for Open Society Research að vinna að skja um styrk til að vinna að verkefni gegn kynbundnum staðalmyndum og

kynbundnu ofbeldi. Einnig var hafið samstarf við Feministeerium í Eistlandi sem heldur árlegt kynjaping þar í landi, að vinna verkefni sem tengist samþykkisskilgreiningu á kynferðislegu ofbeldi.

Annað erlent samstarf

Kvenréttindafélagið hélt á tímabilinu áfram samstarfi með sjö evrópsk samtökum að verkefni til að stuðla að valdeflingu kvenna af erlendum uppruna. NOW – New Opportunities for Women er alþjóðlegt tengslanet kvenna, styrkt af Erasmus. Skipuleggjendur eru, ásamt Kvenréttindafélaginu, Evolve Global Solutions Ltd í Bretlandi, CSI Center for Social Innovation í Kýpur, Future in Perspective á Írlandi, IASIS í Grikklandi, ITG Conseil í Frakklandi, Instituto para el Fomento del Desarrollo y la Formación á Spáni og Mindshift Talent Advisory Ida í Portugal.

Ráðgjafahópur fyrir þátttöku Íslands í verkefni NOW var skipaður á tímabilinu og í honum eru Tatjana Latinovic, Helga Dögg Björgvinsdóttir, Ellen Calmon and Hildur Helga Gísladóttir, Fríða Rós Valdimarsdóttir, Sabine Leskopf, Margaret Johnson, Joanna Marcinkowska, Achola Otieno and Margrét Steinunn Benediktsdóttir. Á tímabilinu tók Kvenréttindafélagið upp viðtal við Sabine Leskop og Achola Otieno þar sem rætt var um leiðtogafærni og stöðu kvenna af erlendum uppruna í íslensku samfélagi. Myndböndin verða birt á vefsíðu verkefnisins á komandi ári.

Kvenréttindafélagið hefur mikinn hug á að efla samstarf sitt við femínista í Póllandi. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir fundaði á árinu með Agata Maciejewska, stofnanda Dziuwwuchy Dziuwwuchom í Póllandi, um stöðu kvenréttinda þar í landi. Brynhildur tók einnig þátt í pallborði skipulagt af Dziuwwuchy Dziuwwuchom Lodzkie um um kvenréttindi á tímum COVID-19, á rafræna samevrópska þinginu Citizens Take Over Europe.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir sótti eina tengslanetráðstefnu í Póllandi 7. janúar og tvær tengslanetráðstefnur á rafrænum vettvangi, eina með pólskum samtökum 23. apríl og eina með króatískum samtökum 24. apríl. Í kjölfarið sótti Kvenréttindafélagið um styrki til EEA/Norway Grants fyrir fjórum verkefnum, tvennum í Póllandi og tvennum í Króatíu. Þrjú þessara verkefna voru styrkt, samstarfsverkefni með Dziuwwuchy Dziuwwuchom Lodzkie í Póllandi um kvennabaráttu; samstarfsverkefni með Kongres Kobiet í Póllandi um jafnlaunabaráttu; og samstarfsverkefni með CESI í Króatíu um konur á vinnumarkaði.

Á tímabilinu átti Kvenréttindafélagið í samstarfi með írsku samtökunum #WorkEqual. Tatjana Latinovic hélt erindi á ráðstefnu samtakanna í nóvember 2019, og á tímabilinu var gefin út skýrsla um efni ráðstefnunnar. Kvenréttindafélagið vinnur nú ásamt #WorkEqual að skipulagningu rafrænna funda um kvenréttindi og stöðu kvenna á vinnumarkaði, þar sem lögð verður áhersla á aðkomu áhrifafólks í íslenskum og írskum stjórnámálum og vinnumarkaði.

Í desember átti Kvenréttindafélagið samráðsfund með Frauennetz Liechtenstein, kvenréttindasamtökum í Liechtenstein, til að ræða betur jafnrétti á sviði smáríkja og jafnréttissamstarf innan EFTA. Mikill hugur er í báðum samtökunum að halda áfram samstarfi og samráði til framtíðar.

Kvenréttindafélagið tók á móti ýmsum erlendum gestum á skrifstofu sína á Hallveigarstöðum í janúar, febrúar og mars og svaraði í gegnum tölvupóst fyrirspurnum frá erlendum félagsamtökum og aðilum, þ.á.m. um jafnlaunastaðalinn, og veitti upplýsingar þar af lútandi.

Óháð upplýsingagjöf til innlendra og erlenda aðila um jafnréttismál á Íslandi

Kvenréttindafélag Íslands átti í miklum samskiptum við erlenda og innlenda fjölmiðla og aðra aðila á árinu 2020.

Fulltrúar félagsins svöruðu ýmsum fyrirspurnum erlendis frá, frá ýmsum aðilum, s.s. stjórnmalafólki, embættisfólki, fræðafólki, nemendum og einkaaðilum. Þó snarfækkaði heimsóknum og fyrirspurnum á tímabilinu, í kjölfar heimsfaraldursins COVID-19.

Meginþorri fyrirspurna kom þó frá fjölmiðlum. Fulltrúar félagsins fóru í fjöldamörg fjölmiðlaviðtöl við um ýmis málefni. Höfð voru samskipti við fjölmiðla í 22 skipti á tímabilinu, spurningum svarað í tölvupósti, aðstoð var veitt við að skipuleggja heimsóknir til landsins og farið var í viðtöl í útvarpi, í prentmiðlum, og á vefmiðlum.

Fulltrúar félagsins fóru í sjónvarpsviðtal hjá kvöldfréttum RÚV og í heimildamynd sem unnin er fyrir þýska ríkissjónvarpið ZDF.

Fulltrúar félagsins fóru í útvarpsviðtöl hjá eftirfarandi útvarpsstöðvum og hlaðvörpum: hádegisfréttir Bylgjunnar, *Samfélagið* á Rás 1 og *Síðdegisútvarpið* á Rás 2.

Fulltrúar félagsins fóru í viðtöl hjá eftirfarandi prentmiðlum og vefmiðlum: *Fréttablaðið* og *Stundin* á Íslandi, *Genero e numero* í Brasilíu og *Christian Science Monitor* í Kanada, Agence France Presse, *Les Glorieuses* í Frakklandi og *Top of Iceland* í Hollandi.

Ótalin er hér aðstoð sem veitt var erlendum fjölmiðlum við að skipuleggja heimsóknir til Íslands, og aðstoð sem þeim var veitt í gegnum tölvupóst, s.s. að finna fyrir þá tölulegar og sögulegar upplýsingar um stöðu íslenskra jafnréttismála og koma þeim í samband við viðmælendur á Íslandi.

Margfeldnisáhrif þessara samskipta Kvenréttindafélagsins við fjölmiðla eru ómæld, en viðtöl sem birtust við fulltrúa félagsins á erlendum vettvangi voru oft tekin upp í umfjöllun annarra fjölmiðla sem ekki höfðu beint samband við félagið.

Stafræn jafnréttisbarátta

Á árinu 2020 hefur Kvenréttindafélagið fíkrað sig áfram í stafrænni jafnréttisbaráttu.

Félagið stóð fyrir herferð á samfélagsmiðlum 15. apríl til að heiðra Vigdís Finnbogadóttur sem fagnaði níraðisafmæli. Fólk var hvatt til að setja ramma á notendamyndir sínar á Facebook með myllumerkinu #TakkVigdís. Gekk þessi herferð framur vonum og vikuna eftir var stór hluti íslenskra Facebook notenda búinn að setja rammann á síðu sína. Arna Rún Gústafsdóttir teiknaði rammann.

Kvenréttindafélagið skipulagði ásamt samtökum launafólks herferð 24. október þar sem fólk var hvatt til að setja ramma myndir sínar á samfélagsmiðlum með yfirskriftinni „Konur lifa ekki á þakklætinu“. Arna Rún Gústafsdóttir hannaði einnig þann ramma.

25. nóvember til 8. desember birti Kvenréttindafélagið sérstaka herferð á samfélagsmiðlum í tengslum við 16 daga átakið. Sú herferð var hönnuð af European Women's Lobby en félagið sá um þýðingu á myndrænu efni og staðfæringu á upplýsingum.

Heimasíða Kvenréttindafélagsins er vistuð undir léninu kvenrettindafelag.is en lénið krfi.is vísar á ensku útgáfu vefsíðunnar. Síðan er hönnuð af Brynhildi Heiðar-og Ómarsdóttur, myndskreytt af Þóreyju Mjallhvíti og hýst hjá 1984. Var vefsíðan uppfærð árið 2019.

Nokkrar undirsíður eru vistaðar á síðunni, mmk.kvenrettindafelag.is sem varðveitir upplýsingar um Menningar-og minningarsjóð kvenna, nam.kvenrettindafelag.is sem hýsir námsefni fyrir framhaldsskólanema í kynjafræði og grunnskoli.kvenrettindafelag.is sem hýsir verkefni ætluð til kennslu í kynjafræði á grunnskólastigi. Kvenréttindafélagið heldur úti vefgátt þar sem erlendir gestir og blaðamenn geta nálgast upplýsingar um stöðu kvenna á Íslandi og jafnrétti kynjanna: kvenrettindafelag.is/useful-resources.

Félagið er heldur einnig utan um lénin kynjathing.is, kvennafri.is og varðveitir veffangið feministinn.is sem vísar ekki til neinnar síðu. Félagið heldur úti myndbandasíðu á YouTube, <https://www.youtube.com/channel/UCFc1QjUt04ON8qcbtEHTjWw>.

Kvenréttindafélagið setti upp á árinu vefsíðuna betrafæðingarorlof.is sem gerð var með stuðningi samtaka launafólks. Þar eru birtar upplýsingar um fæðingarorlof á Íslandi. Höfundar efnis eru Guðný Eydal, Ingólfur V. Gíslason, Ásdís Arnalds og Sunna Símonardóttir, fræðafólk við Háskóla Íslands, og Lóa Hjálmtýsdóttir teiknaði kápumynd. Á vefsíðunni er einnig birt myndband um jafnt fæðingarorlof sem var gert af Kvenréttindafélaginu og Sveriges Kvinnolobby í tengslum við samnorrænt verkefni um jafnt fæðingarorlof 2019. Þórey Mjallhvít setti tónlist við myndbandið. Formlegir aðstandendur vefsíðunnar eru auk Kvenréttindafélagsins ASÍ, BHM, BSRB, FKA og Femínísk fjármál.

Kvenréttindafélagið tryggði sér á árinu veffangið transfeminism.is og vinnur nú að gerð vefsíðu um trans réttindi og kvenréttindi á ensku.

Kvenréttindafélag Íslands er virkt á samfélagsmiðlum. Á Facebook hefur félagið 5526 vini og 5577 fylgjendur; 819 fylgja félaginu á Twitter; og 613 fylgja félaginu á Instagram.

Félagar í Kvenréttindafélagi Íslands

Heiðursfélagar eru Vigdís Finnbogadóttir, Sigríður Th. Erlendsdóttir og Björg Einarsdóttir.

Kvenréttindafélög og önnur félög sem vinna að sambærilegum stefnumálum geta orðið aðildarfélög í Kvenréttindafélagi Íslands. Árið 2020 sótti eitt félag og var samþykkt af stjórn félagsins: Trans Ísland. Aðildarfélög Kvenréttindafélags Íslands eru sjö, Druslubækur og doðrantar, Femínísk fjármál, Félag um Fjöruverðlaunin – bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, Róttin og Samtök um Kvennaathvarf, Trans Ísland og W.O.M.E.N. in Iceland –Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi.

Félagaöflun gekk sæmilega á árinu og í árslok 2020 voru félagar 801. Hefur félögum fjölgað jafnt og þétt síðustu fimm árin. Í árslok 2014 voru félagar 448. Í árslok 2015 voru félagar 540. Í árslok 2016 voru félagar 572. Í árslok 2017 voru félagar 640. Í árslok 2018 voru félagar 663, í árslok 2019 voru félagar 760.